

Guðjón Ingimundarson
Bárustíg 6 Sauðárkr.
Sími: 453-5173

Sauðárkróki, 20. ágúst 1995

Efni:

Minnisvarði um Stephan G. Stephansson á Arnarstapa.
Minnisvarði um Skúla landfógeta á Stóru-Ökrum.

Minnisvarðinn um Stephan G. Stephansson var reistur og afhjúpaður 19. júlí 1953. Ungmennasamband Skagafjarðar sá um gerð hans, fjármögnun og byggingu. UMSS hlýtur því að teljast eigandi hans.

Varðinn hefur nú staðið á Arnarstapanum á fimmta áratug án nokkurs viðhalds né endurbóta svo að teljandi sé. Arlega koma á stapann tugþúsundir ferðamanna, skoða varðann og horfa yfir héraðið af stapanum. Það eru því engin undur þótt minnisvarðinn, undirstaða hans og umhverfi, séu farin að láta á sjá eftir nær hálftrar aldar ánauð veðra og vinda ásamt eðlilegu traðki ferðamanna. Í rauninni var á sínum tíma aldrei gengið frá fótstalli umhverfis varðann svo að vel væri. Því er nú svo komið að nauðsynlegar endurbætur og viðhaldsverkefni eru mjög brýn og þola alls ekki að dragast mörg ár enn svo að ekki fari illa. Þessi verkefni kosta auðvitað verulegt fjármagn, þau þola nánast enga bið en taka þó auðvitað nokkurn tíma því að undirbúning þarf að vanda.

Arnarstapinn er eitt af náttúrudjásnum Skagafjarðar. Það er nauðsynlegt að mannanna verk á þessum stað séu færð í það horf að þau samsvari náttúrusköpuninni, kröfum tímans og skagfirskum metnaði. Til þessa verks þarf því að vanda vel. Mér er það vel ljóst að UMSS hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þessara verka svo að vel sé.

Arnarstapinn og minnisvarðinn er "andlit" héraðsins gagnvart þeim sem um þjóðveginn fara og á þann veg sameign allra Skagfirðinga. Þeim ber því að varðveita hann og viðhalda svo sem þeim sæmir og hafa metnað til.

Sem þátttakandi í gerð minnisvarðans á Arnarstapa á sínum tíma og í framhaldi af fyrr sögðu, leyfi ég mér að leggja til

við stjórn UMSS, að hún leiti eftir því við Héraðsnefnd Skagafjarðarhéraðs að hún taki að sér varðveislu og viðhald varðans á Arnarstapa ásamt þeim umbótum, sem nauðsynlegar eru á staðnum til þess að bæta um reisu þessa sameiginlega viðsýnisstaðar í héraðinu um leið og minningu skáldsins Stephans G. er sýnd við-eigandi virðing.

Eins og fyrr er sagt þolir þetta verkefni ekki langa bið og þarf því að koma því á eðlilegan rekspöl hið allra fyrsta

A sínum tíma var á vegum Ungmennasambands Skagafjarðar reistur stuðlabergsstöpull með áfestri áletraðri minningaplötu um Skúla landfógeta við fyrrum bústað hans á Stóru-Ökrum. Stöpull þessi þarf ekki mikils viðhalds við en þó eftirlits og umsjónar svo sem með festingu á umræddri plötu ofl.

I þessu tilfelli þykir mér rétt að vekja athygli á því, hvort ekki kunni að vera rétt að leita eftir því við þjóðminjavörð, sem hefur gamla bæinn í sinni vörslu, að hann taki að sér umsjón með stöplinum. Þyki það ekki henta verði Héraðsnefnd falið þetta verkefni.

Eg vænti þess að stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar taki þessar ábendingar til rækilegrar athugunar og úrlausnar við fyrstu hentugleika.

Vinsamlegast,

Guðjón Ingimundarson

Til stjórnar
Ungmennasambands Skagafjarðar
Stjórnsýsluhúsinu
Sauðárkróki